

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. maí 2019
2018120001/42-0
KHS, OKN, TB
tb

Matsáætlun fyrir allt að 130 MW vindorkugarð í Garpsdal, Reykhólahreppi

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 16. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir all að 130 MW vindorkugarð í Garpsdal, Reykhólahreppi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina og telur að hún geri að flestu leiti nægjanlega vel grein fyrir þeim þáttum sem kannaðir verða við gerð frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Fyrir utan áhrif á hljóðvist, landslag og ásynnd, og áhrifum almennt á gróðurfar og annað lífríki vegna rasks eru áhrif á fuglalíf sá þáttur sem þarf að skoða hvað ítarlegast.

Athugasemdir

Í kafla 3.7 bls. 12 er fjallað um verndaráætlanir, náttúruvernd og verndarviðmið. Þar er m.a. vísað til laga um náttúruvernd og þar sérstaklega vísað til 61. gr. laganna. Rétt er að benda á að í lögum um náttúruvernd eru fjöldi annarra viðmiða sem taka þarf tillit til s.s. 2. og 3. grein laganna auk annarra.

Vindorkugarðurinn er á jaðri mikilvægs fuglasvæðis þ.e. Breiðafjarðar. Auk þess stendur til að reisa fleiri vindorkugarða í nánd Breiðafjarðar s.s. við Hróðnýjarstaði, Dalasýslu. Í matsáætluninni er ágætis lýsing á aðstæðum og sömuleiðis góð almenn lýsing á fyrirhuguðum rannsóknum og mati á þörf rannsókna. Meðal annars er vísað í skoskar leiðbeiningar.

Hér á landi er ekki búið að greina þau svæði sem teljast viðkvæm og eða verðmæt með tilliti til áforma eða hagstæðra skilyrða fyrir vindorkugarða hvað fuglalíf snertir, líkt og gert var á sínum tíma t.d. í Skotlandi og var nýlega gert með tilliti til hafarna í Finnlandi en sú könnun byggði á notkun senditækja sem sett voru á erni (sjá *Ornis Fennica*, 2018, bls. 137 og áfram). Það er því ekki gefið að skoskar leiðbeiningar eigi við hér á landi. Og eins og minnst er á hér að framan er fyrirhugað að setja upp fleiri vindorkugarða á Vesturlandi og það þarf því að vera hægt að meta samlegðaráhrif þar sem svæðin eru bæði í nánd við helsta búsvæði arnarins og önnur mikilvæg



fuglasvæði. Það er því mat Náttúrufræðistofnunar m.t.t. þess að lítið er vitað um farleiðir fugla á þessu svæði og nánd þess við mikilvægt fuglasvæði að það eigi að gera ákveðnar kröfur um gæði fuglarannsóknna. Með þessu er ekkert fullyrt um áhrif vindorkugarðs á þessu svæði heldur er hér um gott dæmi um eðlilega notkun varúðarreglunnar þ.e. að skorti á vísindalegri þekkingu sé ekki beitt sem rökum til að grípa ekki til aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöll á náttúrunni.

Áhrifum á fugla má skipta í þrennt, A. Beina röskun á búsvæðum og truflun meðan á framkvæmdum stendur, B. Árekstrarhættu sem er tölfræðlegt mat og tekur til allrar fuglaumferðar árið um kring og C. Afleidd áhrif eftir að starfsemi hefst sem felst m.a. í því að fuglar forðist að nýta svæðið eða jaðarsvæði umhverfis það.

Áherslan í matsáætluninni beinist fyrst og fremst að mati á samsetningu og þéttleika varpfugla á viðkomandi svæði sem er auðveldast að meta en ekki endilega það sem skiptir mestu máli á þessu svæði. Til að unnt sé að meta þéttleika og samsetningu varpfugla þarf tiltekinn fjöldi athugana fyrir hverja tegund en óljóst er í áætluninni hvernig á að ná viðunandi fjölda sýna/athugana.

Til að meta árekstrarhættu utan varptíma er stuðst við sjónmat. Á svona stóru svæði er örðugt að meta með nokkru öruggi flug fugla en ekki kemur fram hvert átakið verður en vísað í skoskar leiðbeiningar. Auk þess liggja ekki fyrir upplýsingar sem hægt er að styðjast við eða nota til að túlka athuganirnar. Þetta kemur niður á gæðum gagna bæði vegna liðar B og C hér að framan.

Í matsáætluninni er lauslega fjallað um viðkvæmar tegundir gagnvart vindmyllum þ.e. örn og snæuglu. Þó að almennt megi búast við litlu og fábreyttu fuglalífi á svæðinu er svæðið ofan Gilsfjarðar og norður um Steingrímsfjarðarheiði eitt fárra hér á landi þar sem snæuglur sjást árvisst hér á landi og vitað er um varp á seinni árum. Auk þess verpa ernir í grennd við svæðið. Um far eða ferðir fugla er hins vegar ekki hægt að álykta neitt af öruggi út frá fyrirliggjandi þekkingu. Í ljósi þess hvað lítið er vitað um umferð fugla um svæðið er undarlegt að lagt er upp með lágmarksátak í rannsóknum hvað þennan þátt snertir. Í matsáætluninni er t.d. hvorki gert ráð fyrir að sett séu senditæki á erni eða gert ráð fyrir radarmælingum sem gætu numið nánar umferð fugla, en það er mat Náttúrufræðistofnunar að þetta þurfi að skoða sérstaklega.

Náttúrufræðistofnun telur að eins og fuglarannsóknum er lýst að þá séu þær ófullnægjandi til að meta með sæmilega öruggum hætti áhrif vindorkugarðs á fuglalíf á umræddu svæði.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

